



Reglur um hvatapeninga

Öll börn í Sveitarfélaginu Skagafirði 6-18 ára eiga rétt á Hvatapeningum. Hvatapeningum er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu, fjölbreytileika íþrótta-, lista- og tómstundastarfs, styrkja félagslegt umhverfi og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglunga. Skilyrði þess að hægt sé að nýta Hvatapeningana er að um skipulagt íþrótta-, lista- og æskulýðsstarf sé að ræða og sé stundað undir leiðsögn þjálfara, leiðbeinenda eða kennara. Jafnframt geta reglur þessar átt við um sérstök námskeið sem skipulögð eru af frístundapjónustu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sbr. Sumar-TÍM.

Réttur til Hvatapeninga fellur niður í árslok viðkomandi rekstrarárs.

Hvatapeninga er ekki hægt að nýta til kaupa á æfingakorti. Undantekning frá þessu ákvæði eru ungmenni á 17. og 18. aldursári.